

Samningur vegna samreksturs Dalvíkurbyggðar og Fjallabyggðar á Tónlistarskólanum á Tröllaskaga, hér eftir TÁT

1. gr.

Sveitarfélögin Dalvíkurbyggð, kt. 620598-2089 og Fjallabyggð, kt. 580706-0880 reka í sameiningu TÁT samkvæmt samningi sem undirritaður var á milli sveitarfélaganna þann 25. ágúst 2016.

2. gr.

TÁT er í eigu Dalvíkurbyggðar og Fjallabyggðar.

3. gr.

Skólinn hóf starfsemi sína í upphafi skólaárs haustið 2016.

4. gr.

Sveitarfélögin sjá um að húsnæði sé til staðar fyrir tónlistarkennslu hjá hvoru sveitarfélagi fyrir sig.

5. gr.

Sameining Tónlistarskóla Dalvíkurbyggðar og Tónskóla Fjallabyggðar var þannig háttað að Tónlistarskóli Dalvíkurbyggðar yfirtók ráðningarsamninga Tónskóla Fjallabyggðar og nafni hans var breytt í Tónlistarskólann á Tröllaskaga.

Áfallnar lífeyrissjóðsskuldbindingar starfsmanna við stofnun TÁT sem falla undir B-flokk verða áfram á ábyrgð þess sveitarfélags þar sem til þeirra var stofnað fyrir sameiningu.

6. gr.

Dalvíkurbyggð sér um daglega umsýslu fyrir TÁT, svo sem bókhald, launakeyrslur og reikningagerð og greiðslu á reikningum. TÁT greiðir Dalvíkurbyggð fyrir þá þjónustu sem sveitarfélagið veitir Tónlistarskólanum samkvæmt verksamningi um framkvæmd og umsjón með launavinnslum og bókhaldi (sjá viðauka 1) og gjaldskrá (sjá viðauka 2). Dalvíkurbyggð hýsir málaskrá TÁT og heldur utan um fundargerðir skólans.

7. gr.

Skólinn skal fullnægja gildandi lögum og reglugerðum um starfsemi tónlistarskóla, með vísan til 2. gr. laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla sem og ákvæðum aðalnámskrár tónlistarskóla og síðari breytingum sem kunna að verða gerðar á lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.

8. gr.

Samhliða sameiningu tónlistarskólana var í upphafi skólaárs haustið 2016 tekinn saman eignalisti hjá hvorum tónlistarskóla fyrir sig til varðveislu sem heldur utan um þau hljóðfæri, tæki og annan búnað sem hvor tónlistarskóli lagði til í upphafi sameiningar. (sjá viðauka nr. 3)

9. gr.

Fjárveitingar vegna fjárfestinga í hljóðfærum og tækjakaupum aðrar en það sem skilgreina má sem hluta af daglegum rekstri skulu taka mið af hlutfallslegri þátttöku Dalvíkurbyggðar og Fjallabyggðar í rekstri TÁT hverju sinni (sjá grein 13).

Þá skulu allar nýfjárfestingar vera í samræmi og fylgja nýkaupareglum Dalvíkurbyggðar og Fjallabyggðar.

10. gr.

Markmið TÁT er að efla tónlistarþekkingu og iðkun tónlistar, auk þess að stuðla að eflingu tónlistarlífs í aðildarsveitarfélögunum. Þessum markmiðum hyggst skólinn ná meðal annars með því að:

- Annast kennslu í hljóðfæraleik og söng ásamt kennslu í öðrum tónlistargreinum sem gert er ráð fyrir í aðalnámskrám tónlistarskóla
- Þjóða upp á kennslu í sem flestum greinum tónlistar, þar sem börnum jafnt sem fullorðnum gefst kostur á að stunda tónlistarnám eftir því sem aðstæður leyfa.
- Búa nemendum fjölbreytt skilyrði til að þroska tónlistarhæfileika sína og sköpunargáfu
- Leggja áherslu á félagslegt gildi tónlistariðkunar með þátttöku nemenda í samleik og hljómsveitarstarfi
- Búa nemendur undir framhaldsnám í tónlist
- Styðja kennara skólans til tónleikahalds
- Öllum nemendum í 1. – 10. bekk grunnskólanna, sé gefinn kostur á að stunda tónlistarnám sitt sem huta af samfelldum skóladegi.

11. gr.

Skólanefnd TÁT skal kjörin í upphafi kjörtímabils til fjögurra ára í senn. Skólanefnd samanstendur af þremur kjörnum fulltrúum sveitarfélaganna, formaður frá Fjallabyggð og tveir nefndarmenn frá Dalvíkurbyggð. Tveir embættismenn starfa með nefndinni einn úr hvoru sveitarfélagi. Varamenn eru 3 kjörnir fulltrúar, tveir frá Fjallabyggð og einn frá Dalvíkurbyggð.

Hvort sveitarfélag greiðir fundabókun til sinna kjörinna fulltrúa fyrir setu í skólanefnd TÁT samkvæmt sínum samþykktum um laun kjörinna fulltrúa.

Dalvíkurbyggð og Fjallabyggð setja skólanefndinni erindisbréf þar sem fram kemur hver eru verkefni og skyldur skólanefndar og eftir hvaða lögum og reglum hún starfar.

Skólanefnd heldur fundi eftir því sem þurfa þykir og ræður meirihluti atkvæða úrslitum mála á nefndarfundum. Ef upp koma ágreiningsmál skal stjórn funda ásamt varamönnum, hafa þá allir jafnan atkvæðisrétt.

Skólanefnd kýs sér varaformann á fyrsta fundi nefndarinnar. Ritari nefndarinnar er embættismaður Dalvíkurbyggðar þar sem málaskráin er hýst hjá Dalvíkurbyggð sbr. 6.grein.

Skólastjóri og einn fulltrúi kennara sitja skólanefndarfundum með málfrelsi og tillögurétt.

12. gr.

Skólanefnd TÁT fer með yfirstjórn skólans í umboði sveitarstjórna sveitarfélaganna. Skólanefnd semur og samþykkir starfs- og fjárhagsáætlun TÁT fyrir ár hvert og fylgist með fjárhag hans og ráðstöfun fjár. Fjöldi stöðugilda og launakostnaður er bundinn liður í fjárhagsáætlun hverju sinni. Innritun nemenda í skólann, framboð kennslu og kennslustundafjöldi skal því vera í samræmi við þær

heimildir. Fjármál skólans eru að öðru leyti á ábyrgð skólastjóra sem annast daglegan rekstur í umboði skólanefndar. Skólanefnd sendir sveitarstjórnnum starfsáætlun og rökstudda beiðni um fjárframlag til komandi starfsárs til afgreiðslu.

13. gr.

Skólanefnd gerir tillögu að ráðningu skólastjóra til samþykktar af bæjar- og sveitarstjórnnum Fjallabyggðar og Dalvíkurbyggðar.

Skólastjóri gerir tillögu að ráðningu aðstoðarskólastjóra og deildarstjóra til samþykktar af bæjar- og sveitarstjórnnum Fjallabyggðar og Dalvíkurbyggðar að fenginni umsögn skólanefndar. Skólastjóri ræður kennara og aðra starfsmenn. Starfsmenn skólans starfa samkvæmt starfslýsingum sem skólanefnd ákveður.

14. gr.

Aðildarsveitarfélög TÁT skuldbinda sig til að greiða allan launakostnað og launatengd gjöld vegna skólans eftir svofelldri reiknaðferð:

- 89% kostnaðar miðaðst við fjölda kennslustunda á ári á hvert sveitarfélag og reiknast af kennslukostnaði.
- 11% kostnaðar miðast við íbúafjölda hvers sveitarfélags, miðað við íbúatölur Hagstofu Íslands þann 1. janúar ár hvert og reiknast af stjórnunarkostnaði

Kostnaðarskipting aðildarsveitarfélaga skal reiknuð tvisvar á ári sem hér segir:

Í febrúar ár hvert þar sem miðað er við kennslustundafjölda hvors sveitarfélags á vorönn ásamt íbúatölur Hagstofu Íslands 1. janúar sama ár.

Í september ár hvert þar sem miðað er við kennslustundafjölda hvors sveitarfélags á haustönn ásamt íbúatölur Hagstofu Íslands 1. janúar sama ár.

Kostnaður er greiddur mánaðarlega miðað við forsendur í upphafi hvers tímabils. Hvert tímabil er gert upp í lok þess miðað við kostnaðarskiptingu.

Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs Dalvíkurbyggðar sér um ofangreinda skiptingu skv. upplýsingum frá sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs og skólastjóra.

15. gr.

Ábyrgð og starfssvið skólastjóra er eftirfarandi:

- Fer með daglega stjórnun TÁT og ber ábyrgð á henni. Hann fer einnig með og ber ábyrgð á faglegri stjórnun.
- Ráðstafar húsnæði og hefur yfirumsjón með eignum skólans.
- Kemur fram fyrir hönd TÁT gagnvart starfsmönnum, nemendum og forráðamönnum þeirra svo og aðilum utan TÁT.
- Skal skila vinnuskýrslum starfsmanna samkvæmt tíma- og viðveruskráningarkerfum til launadeildar og árita reikninga vegna rekstrar og innkaupa.
- Ber ábyrgð á færslu bókhalds, útreikninga og greiðslu launa og fjárreiðum TÁT almennt.
- Er heimilt að fela aðildarsveitarfélagi að annast þessi verkefni í heild sinni eða að hluta með fengnu samþykki skólanefndar.
- Ber ábyrgð á að skólastarfið sé í samræmi við samning þennan.

16. gr.

Rekstur TÁT skal miðast við fjárhagsáætlun hverju sinni. Fjármagn til rekstrar kemur frá aðildarsveitarfélögunum og með innheimtu skólagjalda nemenda.

Það fjármagn sem sveitarfélögin leggja til rekstrar er til greiðslu launa og launatengdra gjalda skólastjóra og tónlistarkennara. Öðrum rekstrarkostnaði svo sem rekstur húsnæðis, rafmagn, hita, símagjöld, hreinlætis- og ræstingarvörur og almennt viðhald sem fellur undir daglegan rekstur skal mætt með innheimtu skólagjalda.

Rekstrarniðurstaða Tónlistarskólans á ári hverju skal innheimt og / eða henni skilað til aðildarsveitarfélaga. Skipting á rekstrarniðurstöðu á milli aðildarsveitarfélaga skal taka mið af hlutfallslegri kostnaðarþáttöku (sjá grein 14). Leiga eignasjóðs hjá hvoru sveitarfélagi fyrir sig er undanskilin rekstrarkostnaði TÁT.

Reikningsár TÁT miðast við almanaksár. Skólastjóri gerir tillögu að fjárhagsáætlun fyrir skólann ár hvert og leggur hana fyrir skólanefnd til samþykktar.

Framlag hvers sveitarfélags ár hvert skal samþykkt af viðkomandi sveitarfélagi.

Framlög sveitarfélagana til TÁT eru greidd út mánaðarlega sbr.14.grein.

17. gr.

Skólagjöld eru ákveðin af skólanefnd, að fengnum tillögum skólastjóra. Sú meginregla skal gilda að skólagjöld skuli aðeins endurgreidd ef nemandi þarf að hætta námi vegna veikinda eða brottflutnings.

18. gr.

Gjaldskrár skulu staðfestar af sveitar- og bæjarstjórnnum. Miða skal við að gjaldskrár taki breytingum í janúar ár hvert í samræmi við neysluerðvísitölu nóvembermánaðar ársins á undan.

19. gr.

Ákveði aðildarsveitarfélag að slíta sig úr samstarfinu skal það tilkynnast til skólanefndar í síðasta lagi 31. desember og tekur ákvörðunin gildi 30. júlí árið eftir.

20. gr.

Ef til slíta á samstarfinu kemur skal stuðst við eignalista sem gerður var við sameiningu Tónlistarskóla Dalvíkur- og Fjallabyggðar haustið 2016. Varðandi nýjar fjárfestingar TÁT vegna kaupa á hljóðfærum, tækjum og öðrum búnaði skal skipting miða við hlutfallslega þáttöku sveitarfélagana í rekstri skólans.

Samningur þessi tekur gildi frá og með 1. janúar 2019. Samningurinn gildir í 3 ár frá 1. janúar 2019. Að þremur árum liðnum skal farið yfir samninginn og sé niðurstaðan að halda þessu fyrirkomulagi áfram skal þessi samningur framlengdur án ákveðins gildistíma. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur eru 6 mánuðir miðað við áramót hverju sinni.


Dalvíkurbyggð og Fjallabyggð áskilja sér rétt til þess að endurskoða ákvæði þessa samnings hvenær sem er á gildistíma hans.

21. gr.

Samningur þessi var samþykktur af byggðarráði Dalvíkurbyggðar þann 14. febrúar 2019 og af sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar þann 19. febrúar 2019, af bæjarráði Fjallabyggðar 20. febrúar 2019 og bærarstjórn Fjallabyggðar 13. mars 2019.

Fjallabyggð þann 8 / 3 2019

Fyrir hönd Dalvíkurbyggðar


Katrín Sigurjónsdóttir
sveitarstjóri

Fyrir hönd Fjallabyggðar


Gunnar I. Birgisson
bærarstjóri